

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2007

Varðar: Frumvarp til laga um íslenskt táknmál. Lagt fram á 135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 12 — 12. mál.


Í frumvarpinu er fyrst og fremst talað um táknmál og rétt þeirra sem fæðast heyrnarlausir/skertir eða missa heyrn til þess að læra táknmál. Það er afar mikilvægt að tryggja börnum sem fæðast heyrnarlaus/skert og foreldrum þeirra kennslu í táknmáli. Jafnframt er mikilvægt að við kennslu heyrnarlausra/skertra barna sé tekið tillit til þess að flest nota þau bæði táknmál og íslenskt talmál. Öll börn sem hafa fæðst heyrnarlaus hér á landi síðastliðin átta ár hafa fara í kuðungsígræðslu sem gerir þeim kleyft að heyra upp að vissu marki. Því er mikilvægt að gera ráð fyrir því í kennslu þessara barna að þau þurfa í flestum tilfellum stuðning bæði í táknmáli og íslensku talmáli.

Fullorðnir einstaklingar sem verða fyrir því að missa heyrn eiga þess margir hverjir kost að fara í kuðungsígræðslu og velja fáir að læra táknmál. Mikilvægt er að taka tillit til þessa hóps með því að gera ráð fyrir því að einstaklingur geti átt rétt á rittúlkun t.d. við nám, ráðstefnur og fundi. Hópur fullorðina einstaklinga sem farið hafa í kuðungsígræðsu telur nú tæplega 30 einstaklinga og fjölgar árlega í þessum hópi, að meðaltali um sex einstaklinga á ári. Flestir hafa náð því að geta notað kuðungsígræðsluheyrnartæki þannig að það nýtist þeim þar sem hlustunarskilyrði eru góð. Erfiðleikar eru hinsvegar á því að heyra t.d. í stærri hópum svo sem í skólum eða á fundum. Við þær aðstæður nýtist rittúlkur vel.

Í 5. gr. er fjallað um textun og er mikilvægt að hnykkja enn frekar á því að textun á íslensku sjónvarpsefni hjá Ríkisútvarpinu verði skylda. Sá hópur heyrnarlausra/skertra sem getur nýtt sér textunina telur sennilega um 20 – 30.000 einstaklinga og fjölgar í þeim hópi með hækkuðum meðalaldri þjóðarinnar.

Heyrnar- og talmeinaustöð fagnar framkomnu frumvarpi um að íslenskt táknmál verði viðurkennt mál heyrnarlausra og heyrnarskertra og vonast til þess að málið nái fram að ganga. Jafnframt verði tryggt fjármagn til þess að þeir sem eigi rétt á geti notað túlkapjónstu hvort sem er á táknmáli eða með rittúlkun.

Virðingarfyllst



Guðrún Gísladóttir
framkvæmdastjóri